

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
Tjarnargötu 9
101 Reykjavík
umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 10. maí 2024

Efni: Minnispunktar FÍ vegna fundar hjá Velferðarnefnd Alþingis í kjölfar umsagnar við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almannatrygginga. 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 1290 – 864. mál. Stjórnarfrumvarp.

- Virk hefur verið að vísa um 40% beiðna frá. Oft fólk með fjölþættan vanda og algengt að bent sé á að sækja endurhæfingu innan heilbrigðisþjónustu en óljóst hvar. Ríkið greiðir 1/3 í Virk sem gæti nýst til eflingar endurhæfingar innan Heilsugæslunnar sem gæti þá vísað beint í endurhæfingarúrræði. Starfsendurhæfingarsvið Reykjalundar var lagt niður en mikilvægt er að mynda samfellu um hvað tekur við hjá þeim sjúklingum sem þurfa á starfsendurhæfingu að halda. Þó að Reykjalundur hafi vísað á Virk hefur oft tekið við 3-4 mánaða biðtími og síðan máli jafnvel synjað. Tryggja þarf betri samvinnu og Starfsendurhæfingarstöðvar undir BYR vilja byggja brú á milli kerfanna svo samfella ríki. BYR var áður með beina samninga við ríkið og þá gátu sveitarfélög og heilsugæsla vísað beint og var hlutfall tilvísana um 50/50. Hugmynd: 5 ára tilraunaverkefni – synjanir Virk í vinnslu hjá Starfsendurhæfingarstöðvum BYR, árangur metinn.
- Þverfaglegar starfsendurhæfingarstöðvar BYR hafa verið með atvinnulífstengla og hjálpað fólki að feta sig inn á vinnumarkað frá árinu 2008 ásamt því að hafa innleitt IPS síðar. IPS (Individual placement and support) er gagnreynd aðferðafræði sem skilað hefur góðum árangri við að aðstoða fólk inn á vinnumarkaðinn á ný. Var fyrst notað á geðsviði Landspítalans fyrir í samvinnu við Virk árið 2012. Er nú aðferð sem er notuð hjá BYR starfsendurhæfingarstöðvum, félagsþjónustu, Landspítala, Vinnumálastofnun og Virk starfsendurhæfingarsjóði.
- Framför að félagsráðgjöfum hafi fjölgað innan Heilsugæslunnar enda aukning á að endurhæfingarmálum sé vísað í heilsugæslu. Mikilvægt að þar séu félagsráðgjafar sem haldi utan um endurhæfingaráætlanir (heimilislæknar kvarta enn undan því álagi). FÍ hefur fundað með félagi heimilislækna sem segir álag vegna endurhæfingaráætlana og úrræðaleysis um hvert eigi að vísa í endurhæfingu mikið. Endurhæfingarstöðvar vannýttar en gætu nýst sem mun betur með beinum tilvísunum frá Heilsugæslunni.
- Í raun afturför þegar skilyrði fyrir starfsendurhæfingu var vottorð frá lækni. Nægilegt ætti að vera að hafa tilvísun frá heilbrigðisstarfsmanni (félagsráðgjafa, iðjuþjálfara, hjúkrunarfræðingi, lækni, sálfræðingi o.s.frv.).
- Það hafa verið vangaveltur með hugtakið Hlutaörorkulífeyrir. Jafnvel hægt að einfalda í eitt hugtak – Örorkulífeyrir og svo gildir bara mat um hlutfall.

- Hlutaörorkulífeyrir kallar á að atvinnulífið bjóði í meira mæli upp á hlutastörf. Skilgreina mætti viðmið um fjölda hlutastarfa út frá stærð fyrirtækja og stofnana. Mikilvægt að hafa viðmið og höfða til samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja og stofnana.
- Lykilatriði að samhæfingarteymin séu þverfagleg. Einnig að samþætt sérfræðimat byggji á þverfaglegu teymi. Munur á þverfaglegum og fjölfaglegum vinnubrögðum.
- Það á eftir að reyna töluvert á samvinnu þjónustukerfa og mikilvægt að tryggja faglegan stuðning við þá vinnu t.d. með faglegri handleiðslu til samhæfingarteyma en einnig til þeirra þjónustukerfa sem þess óska út frá breyttum verkferlum og kröfu um samvinnu.
- Þingsályktunartillaga Ingibjargar Isaksen um stuðning og vernd heilbrigðisstarfsmanna en bregðast þarf við álagi sem starfsmenn glíma við. Nota ProQOL matslistann til að meta líðan starfsmanna sem er nátengt öryggi og gæði þjónustu. Heilbrigðisstefna til 2030 – Fólkið í forgrunni. Fagleg handleiðsla er gagnreynd forvörn gegn streitu og kulnun. Handleiðslufélag Íslands og Evrópusamtök handleiðara eru að vinna að samræmdum gæðaviðmiðum handleiðara.
- Of mikið af fagfólki (hjúkrunarfræðingar og kennarar fjölmennustu stéttirnar) sem fer í ótímabæra örorku vegna streitu og kulnunar. Vantar meiri forvarnir og stuðning við endurkomu á vinnumarkað. Það er búið að einstaklingsvæða þennan vanda of mikið í stað þess að beina sjónum að sálfélagslegum aðstæðum á vinnustað. Nýta má betur sálfélagslegan vinnuverndarvísi sem Vinnueftirlitið hefur gefið út. Vantar að vinnustaðir geti leitað eftir aðstoð við að meta og greina sálfélagslegar aðstæður og fá stuðning við innleiðingu á betri vinnustaðarmenningu. Í byggingariðnaði eru eftirlitsmenn sýnilegir, kannað er hvort allir séu með vinnustaðaskírteini og farið sé eftir öryggisreglum.
- Klínískar leiðbeiningar félagsráðgjafa vantar – Embætti landlæknis.
- Fjölskylduhagrir einn stærsti þátturinn um almenna velferð. Auka má þverfaglega samvinnu innan heilsugæslu og skóla (heimilislæknir, ljósmóðir, félagsráðgjafi og síðar skólahjúkrunarfræðingur) til að vinna með fjölskyldum í áhættuhóp m.a. hvað varðar geðheilbrigði.
- Kvíði/depurð/þunglyndi = Oft tengt fjármálum og félagsráðgjafar hafa bæði reynslu og þekkingu á viðeigandi framfærslu á hverjum tíma – hvar réttindi fólks liggja hverju sinni. Huga þarf að fjármálum í upphafi endurhæfingar. Starfsendurhæfingarstöðvar með sérhæfð námskeið til að vinna með fjármál. Fólk oft að koma seint inn á stöðvarnar, búið að vera í 1-2 ár í ýmsum stökum úrræðum og farið að missa alla von á bata og endurkomu á vinnumarkað. Þátttaka á vinnumarkaði hefur jákvæð áhrif á lyfjanotkin (minni þörf fyrir lyf) og eykur almenna vellíðan og hamingju (hlutverk og gildi).

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Sveindís Anna Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri FÍ
Ásta Kristín Benediktsdóttir, fulltrúi í stjórn FÍ